

Í SAMBANDI

FRÉTTABRÉF JOHAN RÖNNING MARS 2007



MEÐAL EFNIS:

- LJÓSTVISTAR
- FRÁ REYÐARFIRÐI
- ABB AFLGJAFAR
- NETLEIKUR
- SART FRÉTTIR
- LED LJÓSBÚNAÐUR

MARS



JOHAN
RÖNNING



LED ljósabúnaður

Sýning og ráðstefna um ljósvista (LED) var haldin 15. - 16. mars síðastliðinn í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur samhliða aðalfundi Ljóstæknifélags Íslands. Lars Thomas frá Thorn á Norðurlöndum hélt tölu um ljósvista og notkunarmöguleika þeirra í nútíð og framtíð. Johan Rönning tók að sjálfsgöðu einnig þátt í sýningunni og kynnti helstu nýjungar frá Thorn, Helestra og VITEO Outdoors í ljósvistum.

LED Ljóstvistar

Annað tölublað fréttabréfs Johan Rönning um nýjungar og hönnun í ljósamálum kom út í síðustu viku. Þemað að þessu sinni var LED (ljósvistar). Það kom út samhliða aðalfundi Ljóstæknifélagsins sem haldinn var 15. mars síðastliðinn undir sömu yfirskrift. Kynntir voru LED kubbar frá VITEO Outdoors, Nordic og Iceland línar frá Helestra, niðurljós, lampar og RGB kerfi frá Heru auk nýjunga í LED tækni frá Thorn/Jakobsson ásamt nýja neyðarlýsingardisksins frá Mike Stoane Lighting. Ef þú hefur áhuga á að fá fréttabréfin send, vinsamlegast hafðu samband við Steinunni (sa@ronning.is) eða Marc (marc@ronning.is).



Skemmtilegur leikur:

Fáðu fréttabréfið rafrænt

Skráðu þig á rafrænan póstlista Johan Rönning og þú gætir haft heppnina með þér.

Allir sem skrá sig á rafrænan póstlista Johan Rönning fyrir 30. mars næstkomandi geta unnið vonduð verkfæri frá Cimco & DeWalt. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á www.ronning.is og skrá þig. Nokkrir heppnir viðskiptavinir verða dregnir út og verða vonduðum verkfærum ríkari. Dregnar verða út tvær veglegar verkfæratöskur frá Cimco að verðmæti 35.000 kr. stk. ásamt tveimur DeWalt brothömrum með sögbúnaði að verðmæti 55.000 kr. stk.



ABB



Aflgjafar frá ABB

Eigum nú á lager á stórgóða aflgjafa frá ABB Stotz í Þýskalandi.

Spenna: 110 - 240 V AC / 24 VDC
Stærðir: 0,7A, 1,2 A 2,5A og 5A
Stíllanleg útgangsspenna
Há nýtni, allt að 87 - 89%
Hitavið: -10 ... + 70°C
"DC OK" útgangsmerki (transistor)
fyrir 24 V álag (> 18 W)

ABB

Nýtt starfsfólk

Nýir starfsmenn á Reyðarfirði

Nú nýlega voru ráðnir til starfa við útibú Johan Rönning á Reyðarfirði þeir Aðalsteinn Ólafsson og Karl Bóasson .



Aðalsteinn

Aðalsteinn Ólafsson er 29 ára gamall frá Borgarfirði eystri, kvæntur Ölmu Sigurbjörnsdóttur og eiga þau tvo stráka.

Hann er með sveinspróf í rafvirkjun og hefur unnið hjá

Rafmar og Straumvirki áður en hann kom til starfa hjá Johan Rönning. Hans aðaláhugamál eru útvíst og kvikmyndir.



Karl

Karl Bóasson er 42 ára Reyðfirðingur og hefur meðal annars verið á sjó, starfað lengi við bílasölu og nú síðast hjá Rafmar áður en hann kom til starfa hjá Johan Rönning. Karl er giftur Árdísi

Aðalsteinsdóttur og eiga þau 3 börn. Aðaláhugamál hans eru m.a. skotveiði og vélsleðar.



Aðalfundur SART

Aðalfundur SART var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 9. mars sl. Meðal málefna sem tekin voru til umræðu á fundinum voru rafræn samskipti rafverktaka, Neytendastofu, rafveitna og byggingafulltrúa. Unnið er hörðum höndum við að hanna nýja rafræna þónustugátt til hagræðis fyrir rafverktaka og þá aðila sem þeir eru í samskiptum við vegna starfa sinna. Stefnt er að því að innleiða verkefnið í áföngum og fyrstu hóparnir fái aðgang að kerfinu í lok apríl, í kjölfar námskeiða um notkun þess.

Frá því elstu menn muna hafa Smith & Norland, Reykjavell og Johan Rönning boðið rafverktökum til hádegisverðar þegar þeir halda aðalfund sinn. Að þessu sinni voru yfir sjötiú rafverktakar í góðu yfirlæti í Setrinu á Grand Hótel í boði fyrirtækjanna þriggja.



Jóhannes Long ljósmyndari tók myndirnar við það tækifæri.

ELKO**IP44-sett**

IP44 þétting fyrir innfeldan búnað

IP 44 settið gerir innfelda rofa sprautuvarða. Settið er til fyrir 1- & 2 gata rámma. Allir rofar í RS línunni passa í þéttsettið að undanskildum þrefalda rofanum (RS16/1+1+1).

IP 44 settið gengur einnig með ratljósum og næturljósum í RS16 línunni að IP 44, að undanskildum gegnsæja festirammaum.



Vörur úrval:

Vörur	Elko nr.
RS 16 IP44 sett, 1gang	1410724
RS 16 IP44 sett, 2gang	1410725

Sólúr frá Hager



- Auðveld uppsetning og forritun
- Uppsett með staðsetningu að ósk viðskiptavinarins
- Kemur í staðinn fyrir rökkurrofa og klukku
- Hægt að setja inn kveikisnur
- 16 A snerta AC1
- Hægt að læsa forriti
- Góður og skýr skjár
- Fáanleg með 1 eða 2 snertum
- Breitt 2M
- Rafhlöðu backup
- Vörunr. EE180 & EE181



Endastoppsrofar

LS Series, ný lína í endastoppsrofum frá ABB
Fjöldi útræslna
NO / NC 10A snertur
IP 65
Breidd 30mm

Rutaseal

Gúmmínipplar á frábæru verði frá sænska framleiðandanum

Tapper Sealing Technology.

EPDM og Chloroprene nipplar á lager í stærðum M 12 - M 50

Fyrir plötubykkir 0,5 - 4 mm

IP 67 skv. EN 60529

Hitasvið EPDM: - 40°C - +110°C
Chloroprene: - 30°C -

+110°C

Litur: EPDM RAL 7001/Grár

Chloroprene RAL 9005/Svart

Halógenfrítt

Vörunr. EPDM 1458233 - 1458239

Vörunr. Chloroprene 1458253 - 1458259



Eljo loftadósir



Komin á lager.

Mjög sterkbyggð og halogenfrí

Dýpt 77 mm

Hæð upp í stúta 53 mm

Stútar: 8 stk 16 mm & 2 stk 20 mm

Fjarlægðarmerking gerir stillingu einfaldari

Litur: Hvítur

Vöru nr. 142064000

**JOHAN
RÖNNING**

REYKJAVÍK
Sundaborg 15
Sími 5 200 800

SELFOSS
Eyrarvegur 67
Sími 4 800 600

AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 4 600 800

REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 4 207 200